

Hafnarfirði, 3. september 2021

Kæru nýnemar og foreldrar/forráðamenn

Þá er þriðju viku annarinnar að ljúka og óhætt er að segja skólstarfið sé komið á fullan kraft enda nemendur í óða önn við að skila verkefnum og taka sín fyrstu örprófin. Framundan er þó fjölbreytt vika í skólalífinu því boðið verður upp á nýnemaferð skólans og haldnar verða tvennar kosningar; til nemendafélags skólans og svokallaðar skuggakosningar.

Nýnemaferðin verður að þessu sinni farin miðvikudaginn 8. september og verður að þessu sinni farið á Flúðir. Þar verður brugðið á leik, grillaðar pylsur og hópurrinn hristur saman. Lagt verður af stað frá Flensborgarskólanum **klukkan 11 og komið heim klukkan 17:00**. Um kvöldið verður síðan boðið upp á skemmtun í sal skólans frá kl. 20:00 og fram eftir kvöldi. Opnað verður **fyrir skráningu á mánudaginn** og mun NFF senda ykkur tölvupóst þegar nær dregur. **Athugið að kennsla í nýnemabekkjum fellur niður** á meðan á ferð stendur.

Næsta **fimmtudag, 9. september, fara skuggakosningar** fram hér í Flensborgarskólanum. Skuggakosningar eru kosningar þar sem framhaldsskólanemar kjósa sína fulltrúa á Alþingi og munu endurspegla vilja nemenda um allt land. Að þessu sinni verður kosið í **lesrýminu gegnt bókasafninu** og kjörstaður opinn frá **kl. 9 – 15**. Allir nemendur skólans, fæddir 29. október 1999 eða síðar, hafa atkvæðisrétt. Endilega takið þátt í skuggakosningunum, það eina sem þið þurfið að gera er að mæta með skilríki og merkja við listastaf þess stjórnmalaflokks sem ykkur hugnast best.

Kosningar til nemendafélagsins fara fram degi síðar, eða **föstudaginn 10. september**. Allir nemendur skólans hafa kosningarrétt. Frestur til að bjóða sig fram rennur út á sunnudaginn en allar nánari upplýsingar má finna á samfélagsmiðlasíðum NFF. **Kosið verður rafrænt í INNU**.

Ég vil minna á að áfram þarf að **huga vel að sóttvörnum**. **Grímuskylda** er enn við lýði í skólanum og mikilvægt er að **þvo vel hendur, spritta sig** og bera þannig ábyrgð á eigin sóttvörnum. Persónulegar sóttvarnir geta skilið á milli hvort að nemendur smitist eða þurfi að fara í sóttkví eða smitgát.

Að lokum þá vil ég minna á **kynningarfund fyrir foreldra nýnema**, þriðjudaginn **7. september kl. 17:00**. Þar gefst tækifæri til að fá enn frekari upplýsingar um skólstarfið, nemendajónustuna og félagslíf nemenda en einnig að hitta umsjónarkennara barns. Gott er að vera búin að kynna sér númer bekkis (bekkur 1 og upp í 8) og nafn umsjónarkennara áður en fundur hefst, en hér má sjá slóð fundar:

<https://us02web.zoom.us/j/83126914617?pwd=QjU1UzRLVDcvaFFJMWE1cEYxVThZdz09#success>.

Með bestu kveðju,

Erla